



Lögreglufélag Kópavogs

stofnað 1. nóv. 1968

AUÐBREKKA 10 — 200 KÓPAVOGUR

Alþingi

Erindi nr. Þ 120 / 1722

komudagur 29/4 1996

Kópavogi 21. apríl 1996.

Til Alsherjarnefndar Alþingis.

Stjórn Lögreglufélags Kópavogs leggur til eftirfarandi breytingar á frumvarpi til lögreglulaga.

8. gr.

Sérstakar rannsóknardeildir.

J.liður þeirrar greinar falli út, sem er að rannsóknardeild lögreglustjórnas í Kópavogi sé undir yfirstjórn lögreglustjórans í Hafnarfirði og nýjum lið verði bætt við greinina þar sem lögreglustjórinn í Kópavogi sé með sérstaka rannsóknardeild.

Okkur þykir það of teygjanlegt að hafa bara um það ákvæði í lagaskýringum, en þar segir að hlutverk rannsóknardeilda, sem nú eru starfræktar við embætti lögreglustjóranna í Kópavogi og á Keflavíkurflugverlli, verður nánast óbreytt frá því sem nú er en þær deildir falla ekki undir ákvæði 8. gr. Orðavalið nánast er óskilgreint.

22. gr.

Þagnarskylda.

Við erum fyllilega sammála núverandi ákvæði laga um þagnarskyldu lögreglumanna. Við sjáum því ekki ástæðu til að auka sérstaklega ákvæði um þagnarskyldu þeirra. Sérstaklega finnst okkur að mjög teygjanlegan skilning megi leggja í orðavalið, sem er neðst í lið 1, sem er, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls.

28. gr.

Veiting starfa í lögreglu.

Við teljum óeðlilegt að ófaglærðum, sé heimilt að starfa utan orlofstíma. Ljóst er að sú staða getur komið upp að sá yrði einn að störfum án liðsinnis faglærðs lögreglumanns. Miðað við þá kröfu, sem gerð er til hæfni og menntunar lögreglumanna og þess valds sem þeir hafa, er útilokað að þegnum þjóðfélagsins sé veittur mismunandi réttur og öryggi af störfum lögreglu.



# Lögreflugfélag Kópavogis

stofnað 1. nóv. 1968

AUÐBREKKA 10 — 200 KÓPAVOGUR

32 gr.  
Aukastörf.

Í núverandi lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eru ákvæði sem takmarka aukastörf. Ekki verður við það unað að lögreflumönnum verði bannað að vinna aukastörf og þeir þar með gerðir að eign ríkisvaldsins. Ljóst er að með auknum niðurskurði fjárveitinga til löggæslu, verður yfirvinna skorin niður enn frekar en nú er og ekkert bendir til þess að föst laun lögreflumanna muni hækka umfram aðra opinbera starfsmenn. Því er ljóst að þetta mun þýða verulega skerðingu á möguleikum lögreflumanna til tekna. Þá er þeim bannað að reka sjálfstæðan atvinnurekstur og vera eignaraðili í fyrirtækjum. Þeim er þá væntanlega bannað að eiga hlutabréf. Þar með er farið að mismuna þegnum þjóðfélagsins all verulega. Rétt er að benda á þá skyldu lögreflumanna að vera fjár síns ráðandi.

Verði grein þessi samþykkt óbreytt, er nokkuð víst að kröfur verða um verulega launahækkun lögreflumanna.

35. gr.  
Kærur á hendur lögreflu.

Við teljum eðlilegt að kærur á hendur lögreflu, verði tilkynntar til ríkissaksóknara og hann mæli síðan fyrir um, hvar slík kæra verði rannsökuð.

38. gr.  
Inntaka nýnema og námstilhögun.

Við teljum óeðlilegt að fyrrihluti lögrefluskólans skuli eiga að vera ólaunaður. Við bendum á að það fyrirkomulag muni fyrst og fremst bitna á nemendum af landsbyggðinni og er líklegt að verði til þess að allir nýnemar lögreflu verði eftirleiðis af suðvesturhorni landsins. Þá er rétt að benda á að núverandi fyrirkomulag lögrefluskólans, er bundið gildandi kjarasamningi lögreflumanna.

Þá teljum við eðlilegt að það ákvæði, sem var í frumvarpinu í upphafi, um stjórnun leitar- og björgunaraðgerða, verði sett inn í þetta frumvarp.



## Lögreflugfélag Kópavogis

stofnað 1. nóv. 1968

AUÐBREKKA 10 — 200 KÓPAVOGUR

Jafnframt teljum við nauðsynlegt að ákvæði um hámarksaldur, sem einnig var í upphaflega frumvarpinu, verði sett inn í þetta frumvarp. Þar var gert ráð fyrir því að lögreglumenn yrðu leystir frá störfum við 65 ára aldur, sem vissulega var skref í rétta átt. Samkvæmt núgildandi lögum mega lögreglumenn vinna til 70 ára aldurs. Í flestum af nágrannalöndum okkar, er lögreglumönnum gert að láta af störfum fyrr en öðrum opinberum starfsmönnum. Það er gert af öryggisástæðum. Það er útilokað að lögreglumenn haldi þeirri hæfni til 70 ára aldurs, sem af þeim er krafist samkvæmt lögum. Þá er það ólýðandi bæði gagnvart öryggi þegna landsins og öryggi lögreglumanna sjálfra að þeir starfi til 70 ára aldurs.

Fyrir hönd stjórnar L.F.K.

Virðingarfyllst.

Óskar Sigurpálsson formaður

Sigurður F. Gunnarsson ritari